



Reykjavík, 23. mars 2026

VEL26030121

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Breytingar á gjaldskrá veitinga og fæðis í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum velferðarsviðs

Lagt er til að velferðarráð heimili velferðarsviði að breyta gjaldskrá veitinga og fæðis fyrir árið 2026 Almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega hækki úr 1.755 kr. í 2.225 kr. Heimsendur matur og hádegismatur í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki úr 1.010 kr. í 1.100 kr. árið 2026. Hádegismatur, stök máltíð hækki úr 1.095 kr. í 1.190 kr. Akstursgjald pr. máltíð hækki úr 270 kr. í 325 kr.

Greinargerð:

Á fundum velferðarráðs þann 21. janúar 2026 og borgarráðs þann 29. janúar 2026 var samþykkt að ráðast í endurbætur á framleiðslueldhúsi á Vitatorgi og fá þriðja aðila til að sjá um framleiðslu máltíða á meðan á framkvæmdum stendur. Áætlað er að undirbúningur og hönnun taki sex mánuði og framkvæmdir 8–12 mánuði. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hafði áður veitt tímabundið starfsleyfi til 27. maí 2026 og tiltók að starfsleyfi yrði ekki endurnýjað fyrir óbreytta starfsemi. Framleiðslueldhúsinu var síðan lokað fyrirvaralaust þann 2. febrúar 2026 eftir að bakterían *Listeria monocytogenes* fannst í salati sem borið var fram 27. janúar. Vegna þessa óvænta neyðarástands þurfti tafarlaust að tryggja áframhaldandi matarþjónustu. Gerður var tímabundinn samningur við Krydd og kaviar ehf. til 30. apríl 2026. Í kjölfarið samþykktu velferðarráð þann 4. mars og borgarráð þann 5. mars að hefja útboð á máltíðum fyrir næstu 22 mánuði.

Gert er ráð fyrir að þjónustan verði dýrari en framleiðsla eldhússins á Vitatorgi. Því er lagt til að hækka almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega úr kr. 1.755 í kr. 2.250. Gjald fyrir heimsendan mat og hádegismat í þjónustuíbúðum og félagsmiðstöðvum hækki um 90 krónur úr kr. 1.010 í kr. 1.100 til að mæta auknum kostnaði. Gert er ráð fyrir að hækkun verðs á máltíðum um 90 kr. muni skila um 18 m.kr. í auknum tekjum fyrir tímabilið maí – desember 2026.

Einnig er lagt til að hækka akstursgjald pr.máltíð úr 270 kr. í 325 kr. Gert er ráð fyrir að sú aðgerð muni skila um 2,5 m.kr. árlega í tekjur.

Vegna yfirstandandi nauðsynlegra aðgerða í matarþjónustu velferðarsviðs er mikilvægt að leita allra leiða til þess að koma til móts við aukna fjárþörf. Þegar framkvæmdum er lokið á Vitatorgi og framleiðslueldhúsið hefur opnað að nýju er mögulega hægt að endurskoða verð aftur í samræmi við framleiðslukostnað.



Fylgiskjal:

Ný gjaldskrá veitinga og fæðis 2026

1. grein

Veitingar og fæði	Verð kr.
Mjólkurglas	75
Kaffi og te	235
Gos, malt og pilsner	335
Kaffimeðlæti	325
Hádegismatur stök máltíð (lífeyrisþegar)	1.190
Hádegismatur – fast fæði/matarmiðar (ellilífeyrisþegar)	1.100
Hádegismatur – almennt verð fyrir aðra en lífeyrisþega	2.250
Heimsendur matur	1.100
Heimsending – akstursgjald pr.máltíð	325

**Veitingar og fæði****Verð kr.**

Kvöldverður í þjónustuíbúðum	520
Morgunverður í þjónustuíbúðum	245

Gildistaka

- Gjaldskrá þessi er sett á grundvelli 20. gr. laga um málefni aldraðra, nr. 125/1999, sbr. 2. og 4. tl. 13. gr. sömu laga og 40. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.
- Gjaldskrá þessi öðlast gildi þann 1.maí 2026 og fellur þá jafnframt úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis.